

Minnisblað - 1911028

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Starfshópur um íþróttamannvirki í Búðardal

Efni: *Undirbúningur íþróttamannvirkja í Búðardal, hugmyndavinna arkitekta*

Dags.: 08.09.2021

Á 207. fundi sveitarstjórnar 12.08.2021 var samþykkt að hefja undirbúning að alútboði á íþróttamannvirkjum í Búðardal:

13. 1911028 - Undirbúningur íþróttamannvirkja í Dalabyggð

Frá starfshópi um undirbúning íþróttamannvirkja.

Lagt fram til kynningar.

Til máls tóku: Skúli, Eyjólfur, Kristján.

Starfshópur um undirbúning íþróttamannvirkja er falið að undirbúa alútboð á byggingu íþróttamannvirkja í Dalabyggð.

Samþykkt samhljóða.

Starfshópurinn hefur fundað með ráðgjöfum hjá Verkís og hönnuðum hjá Alark. Áður en farið er að fullvinna alútboðsgögn verður farið í forval. Með því fást upplýsingar um hversu margir hafi áhuga á verkefninu og verða verktakar sem skila inn gögnum metnir út frá skilyrðum í lögum um opinber innkaup og af reynslu fyrri verka. Með því fæst vissa um að nægilega margir hafi áhuga á verkinu þannig að samkeppni sé um framkvæmdina. Forvalið er auglýst og opið ferli, en í kjölfarið tekur við lokað útboðsferli þeirra sem uppfylla kröfur forvals.

Í forvalsgögnunum er gert ráð fyrir að verktaki útvegi allt hönnunarteymið. Umsækjendur eru beðinn um að taka afstöðu til hvort 600 milljóna króna mark sé raunhæft í núverandi tillögu. Í gögnunum er byggingunni og starfsemi hennar sett sjálfbærnimarkmið sem mikilvægt er að umsækjendur fylgi eftir. Lögð er megináhersla á að verkið verði unnið á sem hagkvæmastan hátt. Á eftir því komi samfélagsþætti og svo umhverfisþættir.

Drög að forvalsgögnum eru með þessu minnisblaði kynnt sveitarstjórn áður en þau eru kláruð og send til auglýsingar.

Samhliða er hafist handar við undirbúning forhönnunar sem nýtist hvort sem framkvæmdin fer í alútboð eða annað útboðsferli. Ekki verður byrjað á eiginlegum alútboðsgögnum fyrr en niðurstaða forvals liggur fyrir og staðan þá metin.